



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni fimmta pistils:

- Opnun Vaðlaheiðarganga
- Umhverfis- og atvinnuálanefnd
- Heimasíða
- Fundir og verkefni

Opnun Vaðlaheiðarganga

Laugardaginn 12. janúar opnuðu Vaðlaheiðargöng við formlega athöfn. Dagurinn hófst með Nýársmóti Hjólreiðafélags Akureyrar, opin æfing var hjá hlaupahópnum UFA-Eyrarskokki á Akureyri og gönguskíðamenn í skíðagöngudeild Skíðafélags Akureyrar fóru á hjólaskíðum í gegnum göngin.

Milli klukkan 13:00-15:00 var opinn kynningardagur í göngunum. Gestum var boðið að skoða sýningu um framkvæmdir ganganna, boðið var upp á kalt vatn, líkamsrækt var fyrir þá sem vildu taka á því, fjölbreytt tónlistaratriði voru í útskotum og gátu gestir ferðast á milli útskota með strætisvögnum. Mikill fjöldi gesta mætti á kynningardaginn og að honum loknum hófst formleg vígsla við gangamunann Fnjóskadalsmegin. Boðið var uppá kaffi í Gamla barnaskólanum á Skógum og í Valsárskóla og voru það kvenfélögin beggja vegna ganga sem sáu um veitingarnar. Vel tókst til við opnun ganganna og voru það þau Hólmfríður Ásgeirsdóttir á Hallandi og Friðrik Glúmsson í Vallakoti sem klipptu á borðann með aðstoð sveitarstjóranna. Fjöldi fólks lagði leið sína í kaffi og gestir voru duglegir við að nýta sér almenningsgöngur.

Að lokinni vígslu ganganna óku félagar í fornbíladeild Bílakúbbs Akureyrar fyrstir í vesturátt í gegnum göngin og var það mikið sjónarpil. Myndirnar hér að neðan eru fengnar af heimasíðu RUV .

Krakkarnir í Valsárskóla lögðu sitt af mörkum við undirbúninginn, unnið var myndband sem beinir sjónum að nýja hverfinu á Svalbarðseyri, þau fóru og tíndu rusl í kringum skólann og sáu til þess að skólinn þeirra skartaði sínu fínasta.





PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni fimmta pistils:

- Opnun Vaðlaheiðarganga
- Umhverfis- og atvinnumálanefnd
- Heimasíða
- Fundir og verkefni

Umhverfis- og atvinnumálanefnd

Umhverfis og atvinnumálanefnd hefur lagt áherslu á að bæta leiðbeiningar um flokkun sorps og vinna að bættri umgengni á gámasvæðinu. Á næstu dögum verður send út könnun þar sem notendur verða spurðir um flokkun og beðin að meta frammistöðu sína og niðurstöður könnunarinnar eiga eftir að nýtast þegar sorphirða verður boðin út.

Umhverfis- og atvinnumálanefnd er að hefja undirbúning á kortlagningu þeirra svæða þar sem kerfill og njóli ráða ríkjum og í sumar verður hafin vinna við að vinna á þessum óboðnu gestum. Verkefni nefndarinnar eru fjölmörg og hefur nefndin óskað eftir því að fá sýnilegra svæði á heimasíðu sveitarfélagsins og er fulltrúi nefndarinnar þátttakandi í vinnu starfshóps sem er að fara yfir heimasíðuna, hvað megi laga og hvernig heimasíðu við viljum hafa. Fulltrúi skólans á sæti í þessum vinnuhópi auk sveitarstjóra.

Fulltrúar umhverfis- og atvinnumálanefndar fjölmenntu á fund Atvinnuþróunarfélagsins þar sem kynnt voru laxeldismál. Fyrirlesarar voru fræðimenn frá háskólum og sérfræðingar stofnana, rætt var um lífríki Eyjafjarðar, áhrif sjóeldis á umhverfi sitt, nýjungar í sjóeldi og hafstrauma svo eitthvað sé nefnt. Hér er stórmál á ferð sem krefst upplýstrar umræðu hvort sem verið er að ræða áhrif laxeldis í sjó eða landi og áhrif á náttúru og samfélag manna, atvinnusköpun, nýtingu auðlinda og atvinnusköpun.

Í Hlíðarbæ kynnti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma, matvæli og eftirlit með fódri áburði og sáðvöru. Bændur fjölmenntu á fundinn og voru umræðurnar liflegar. Ljóst er að innflutningur á fersku kjöti getur haft mikil áhrif á afkomu bænda og fæðuöryggi neytenda. Sveitarstjórn sendi frá sér bókun í samráðsgátt Alþingis og lagði áherslu á að með innflutning ófrystra afurða og ferskra eggja sé verið að taka augljósa áhættu þegar kemur að dreifingu og útbreiðslu fjölmörga baktería. Almennungi getur stafað ógn af dreifingu þeirra og bendir sveitarstjórn á að mikilvægt sé að eftirlit með innflutningi sé hert og sé í samræmi við tallaskýrslur.

Umhverfis og atvinnumálanefnd hefur unnið [Umhverfisstefnu Svalbarðsstrandarhrepps](#) 2019-2020 og má nálgast hana á heimasíðu sveitarfélagsins og tengil er að finna hér að ofan.

Í umhverfisstefnunni kemur fram að sjálfbærni er höfð að leiðarljósi og þess gætt að jafnvægi sé milli félags-, umhverfis-, og efnahagslegra þátta.

Gert er ráð fyrir því að stefnan sé lifandi skjal sem verði uppfærð við endurskoðun aðalskipulags og endurspegli þannig þær áherslur sem sveitarstjórn leggur í umhverfismálum.



UMHVERFISSTEFNA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2019-2020



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni fimmta pistils:

- Opnun Vaðlaheiðarganga
- Umhverfis- og atvinnumálanefnd
- Heimasíða
- Fundir og verkefni

Heimasíða

Hafin er vinna við að meta heimasíðu sveitarfélagsins, taka saman ábendingar notanda og greina þarfir stjórnsýslunnar og íbúa. Starfshópi heimasíðu er ætlað að setja fram áætlanir um lagfæringar og kostnað við endurbætur á heimasíðu sveitarfélagsins. Horft er til nágrannasveitarfélaga og þeirra sem hafa greinilega lagt mikla vinnu í heimasíður sinna sveitarfélaga. Mikilvægt er að notendur geti nálgast þær upplýsingar sem þeir leita eftir, síðan sé upplýsandi og gefi góða mynd af samfélaginu. Augljóst er að lykillinn að virkri heimasíðu er að virk eftirfylgni sé með efnisöflun og miðlun um leið og samfélagsmiðlar séu nýttir til að vekja athygli á og koma skilaboðum til notanda.

Mikið hefur verið um hina ýmsu fundi bæði innan sveitarfélagsins og með samstarfsaðilum í okkar nánasta umhverfi. Brunavarnir og aukið samstarf á þeim vettvangi er til umræðu í stjórn Slökkviliðs Akureyrar, Flokkun og sorphirðumál eru mikið til umræðu, rotþrær og fráveitukerfi og atvinnumál að ógleymdri uppbyggingu Valsárhverfis. Stjórn sveitarfélagsins ákvað að setja á sölu eina þeirra íbúða sem sveitarfélagið á og er sú vinna í fullum gangi, ein íbúð af fjórum í Tjarnartúni er seld áður en íbúðirnar eru auglýstar og verið er að velja innréttingar í íbúðirnar í Tjarnartúni. Íbúar á Svalbarðseyri og aðrir sem leggja leið sína um Valsárhverfi sjá glögg þann kraft sem er í byggingarframkvæmdum í Bakkatúni þar sem einkaaðilar eru að reisa einbýllishús, platan komin og byrjað að slá upp og steypa útveggi og spennandi að sjá verkið taka á sig mynd. Næstu nágrannar gera ráð fyrir að hefja framkvæmdir með vorinu og samið hefur verið við Verkís um að halda áfram með teikningar og hönnun Bakkatúns. Hér er um að ræða annan áfanga sem nær að Bakkatúni 17 og 20 og verða lóðirnar auglýstar með vorinu.

Sunnanvið gangamuna Vaðlaheiðarganga er útsýnispallur sem sinnir engan vegin hlutverki sínu með auknum fjölda ferðamanna auk þess sem hættu stafar af umferðinni við fjölfarin gatnamót Veigastaðavegar og Þjóðvegur. Fulltrúi Markaðsstofu hitti okkur Þröst sveitarstjóra Grýtubakkahrepps þar sem við ræddum möguleika á samvinnu við uppbyggingu útsýnispalls/áningastaðar með upplýsingum fyrir ferðamenn. Ljóst er að núverandi staðsetning hentar ekki og er verið að horfa á staðsetningu örlítið norðar en þar sem ekkert er frágengið er erfitt að segja of mikið um þessar áætlanir. Sveitarfélögin myndu þá sameinast í uppbyggingunni, nýta skiltagerð Markaðsstofunnar og tengja við verkefni sem verið er að vinna þar og kallast Norðurstrandaleið eða **Arctic Coast Way**. Norðurstrandaleið verður opnuð formlega í sumar og á leiðin að draga athygli ferðamanna að strandlengjunni meðfram Norðurlandi. Verkefnið snýst um að búa til svokallaða ferðamannavegi og er hann um 800 km. langur, nær frá Hvammstanga að Bakkafirði og fer í gegnum 17 sveitarfélög.

Ljóst er að miklar breytingar verða með tilkomu Vaðlaheiðarganga og útsýnispallurinn einn þáttur í uppbyggingu sem fyrirhuguð er, bæði á vegum sveitarfélagsins, fyrirtækja og einkaaðila. Mikilvægt er að samstarf sé á milli aðila, verkefni og framkvæmdir nýtist svæðinu í heild og menn nái að vinna saman, meðvitaðir um þau verkefni sem aðrir eru að vinna að og samlegð sem getur verið milli verkefna. Með þetta að markmiði var boðað til fundar fulltrúa frá Vegagerð, Norðurorku, Vaðlaheiðargöngum, Svalbarðsstrandarhreppi, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppi og Vaðlaheiðarböðum. Undirliggjandi er áætlun Svalbarðsstrandarhrepps um uppbyggingu göngu- og hjóreiðastígs frá Akureyri að Vaðlaheiðargöngum en ætlunin var að nýta sér framkvæmdir annarra aðila á svæðinu til uppbyggingar á stígnum. Af fundi þessara aðila er ljóst að Svalbarðsstrandarhreppur mun leiða þetta samstarf og fyrstu skrefin eru að sækja um styrki til Vegagerðar vegna stígagerðar og til Ferðamálastofu vegna

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni fimmta pistils:

- Opnun Vaðlaheiðarganga
- Umhverfis- og atvinnumálanefnd
- Heimasíða
- Fundir og verkefni

útsýnispalls og áningastaðar fyrir ferðamenn.

Kynningarmál

Eins og fram kom hér að ofan er verið að vinna að uppfærslu á heimasíðu sveitarfélagsins en sú vinna er hluti af átaki í kynningarmálum og markaðssetningu Svalbarðsstrandarhrepps. Fyrstu húsin eru að rísa við Tjarnartún en fyrir höndum er vinna við að kynna og markaðssetja þær lóðir sem til sölu eru, bæði þær lóðir sem verða tilbúnar um mitt sumar og bætast við þær sem fyrir eru en einnig þann hluta Valsárhverfis sem eftir er og bíður næstu ára að byggja upp. Skrið hefur verið undir samning við Verkís þar sem hönnun götunnar verður haldið áfram að húsum nr. 17 og 20 og bíða nokkrir spenntir eftir draumalóðunum og tilbúnir til að hefja byggingu.

Í byrjun vikunnar var skrifað undir samning við N4 um þáttagerð um Svalbarðsstrandarhrepp. Samningurinn felur í sér umfjöllun um mannlíf og menningu í Svalbarðsstrandarhreppi en með þessu verkefni vill sveitarstjórn, með aðstoð íbúa byggja upp jákvæða mynd og styrkja þá ímynd að hér sé gott að búa, góðir skólar og lóðir á viðráðanlegu verði á einkar fallettum stað.

Til stóð að skrifa pistil eftir hvern fund sveitarstjórnar en eitthvað hefur gengið erfiðlega að efna það og frá síðasta pistil hefur eitt og annað drifið á daga okkar hér í Ráðhúsinu.

Þorabótið var einkar vel heppnað, frábær skemmtiatriði og gestir í miklu stuði. Svalbó Polís sló í gegn og þeir sem “slysast” til að henda rusli á ranga staði á gámasvæðinu eiga ekki von á góðu. Þorablótsnefndin á hrós skilið en án góðra gesta verður gleðin rýr. Gott kvöld í alla staði.

Umhverfisnefnd hefur óskað eftir tilboðum í gerð skilta á gámasvæðinu þar sem notendum verður bent á að þeir eru “í mynd” um leið og þeim verður leiðbeint um flokkun og losun. Nefndin lagði til að sjónvarpað yrði úr myndavélum á gámasvæði í sjónvarpsskjá í Ráðhúsinu og verið er að vinna í því máli. Það er allra hagur að unnið sé markvisst að flokkun og frágangur sé vandaður, aðgengi að gámasvæðinu gott en um leið mikilvægt að notendur umgangist það af virðingu. Kostnaður vegna sorphirðu er mikill og umfang sorps eykst með tilheyrandi kostnaði. Umhverfis- og atvinnumálanefnd er að vinna spurningakönnun þar sem könnuð er ánægja íbúa með það fyrirkomulag sem er í gildi, hvort þeir séu duglegir að nýta sér gámasvæðið og hversu öflugir flokkarar þeir telji sig vera. Spurningum verður svarað á heimasíðu sveitarfélagsins og um að gera að vera með og koma skoðunum sínum áleiðis.

Umhverfisnefndin er mjög öflug og ýmis verkefni sem bíða. Nýlega fengum við heimsókn frá fyrirtækinu Iðnver sem selur fráveitukerfi, lítil og stór og var mjög áhugavert að fylgjast með kynningu þeirra. Fráveitumál, sorp og nýting auðlinda eru málaflokkar sem við verðum að standa vörð um, tryggja að fráveitan sé þannig að hreinsun eigi sér stað og liggja hæfilega frá landi, flokkun og urðun sorps eru stórir útgjaldaliðir sem fyrirséð er að vaxi ef einstaklingar og fyrirtæki taka sér ekki tak og nýting okkar á auðlindunum, umgengni við umhverfi okkar og virðing okkar fyrir umhverfinu tryggir komandi kynslóðum lífvænlegt umhverfi.

Við látum hér staðar numið, verið er að vinna að ýmsum verkefnum sem ekki komust á blað í þessari umferð en ný styttist í vorið og næsti pistill kemur til ykkar fyrir páska.

Með kveðju

Björg Erlingsdóttir